

10.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn **11.september 2019, kl. 20:00** á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi 1.varamaður í fjarveru AB og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti óskaði leyfis til að bæta við dagskrá fundarins vegna erinda sem bárust eftir að fundargögn voru send út. Hreppsnefnd varð við þeirri beiðni og verða þau atriði rædd sem liðir nr. 6. og 7. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Árneshreppur.is - eru einhverjar breytingar æskilegar.
2. Tölvupóstur frá svissneskum hjónum/fjölskyldu varðandi hugsanlega búsetu í Árneshreppi.
3. Bréf varðandi samgöngumál til ráðherra og þingmanna.
4. Framkvæmdir við fiskmóttöku við Norðurfjarðarhöfn - framkvæmdaleyfi.
5. Tillögur að sameiningu sveitarfélaga - þvinguð og óþvinguð sameining.
  1. Árneshreppur.is, vefsíða sveitarfélagsins var til umræðu. Ákveðið var að skoða tilboð sem borist hefur og athuga möguleikana í þessu sambandi.
  2. Tölvupóstur frá svissneskum hjónum,..málið rætt og ýmsir möguleikar skoðaðir, en ekkert er fast í hendi. Oddviti mun senda tölvupóst til viðkomandi og leggja fyrir þau stöðuna.
  3. Bréf varðandi samgöngumál. Oddvita falið að skrifa ráðherra og þingmönnum, bréfið verður sent hreppsnefndarmönnum til samþykktar áður en það verður sent undirritað af öllum.
  4. Framkvæmdir við fiskmóttöku við Norðurfjarðarhöfn. Ekki þarf framkvæmdaleyfi vegna viðgerða á steypu plani sem gerðar verða endurbætur á í haust.
  5. Tillögur að þvinguðum sameiningum sveitarfélaga. Málið rætt og ákveðið að fylgjast vel með framvindunni.
  6. Trúnaðarmál vegna ráðningarmála, ákveðið að styðja það.
  7. Umsókn um stöðuleyfi frá Strandferðum ehf. Hreppsnefnd er jákvæð gagnvart málinu, en ákveða þarf staðsetningu í samráði við sveitarstjórn, landeigendur og Vegagerðina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:15.

